



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 3. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Framsóknarflokkurinn – Breiðum vorhug um land – Hlynur Berglandsson – Alþingis- og kosningarímur – Egill austræni – Eimskipafjelag Íslands – Jón Jensson – Ný-Valtýskan – Landsrjettindin – Bjarni Jónsson frá Vogu – Tryggvi Gunnarsson – Matthías Jochumsson – Akureyrarkaupstaður – Reykjavík – Frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga – Verslunarráð Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-10, Örk 5

Áætlun

um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar

árið 1918

Áætlun

um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1918.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	65000 00
2.	Tekjur af bygðri og óbygðri lóð	—	14500 00
3.	Landskuld af jörðum	—	1300 00
4.	Leiga af erfðafestulöndum	—	9000 00
5.	Leiga af húsum, túnum, lóðum m. m.	—	17000 00
6.	Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum	—	4000 00
7.	Hagatollur	—	1200 00
8.	Tekjur af ístöku, 35 aura fyrir hvern teningsmeter	—	1200 00
9.	— af lóðasölu	—	1000 00
10.	— af seldum erfðafestulöndum	—	1000 00
11.	— eftir byggingarsamþykkt	—	1000 00
12.	— af vatnsveitunni:		
	a. Vatnsskattur	kr.	50000 00
	b. Vatnssala til skipa	—	6000 00
			56000 00
13.	Endurborgun lána til húsæða	—	500 00
14.	Tekjuafgangur gasstöðvarinnar	—	1000 00
15.	Sótaragjald	—	4600 00
16.	Hundaskattur	—	200 00
17.	a. Endurg. styrkur frá innansv.mönnum	kr.	3000 00
	b. — greftrunarkostnaður	—	100 00
			3100 00
18.	a. — styrkur frá öðrum sveitum	kr.	18500 00
	b. — lögflutningur	—	250 00
			18750 00
		Flyt kr.	200350 00

	Flutt	kr.	200350 00
19. Tekjur af vinnu fátæklinga	—		20000 00
20. Styrkur úr landssjóði til barnaskólans og skólagjald	—		7300 00
21. Tekjur frá grunneigendum til gangstétta	—		7000 00
22. a. Salernahreinsunargjald	kr.	4600 00	
b. Fyrir seldan áburð	—	2200 00	
			6800 00
23. Sundkenslustyrkur úr landssjóði	—		300 00
24. Fyrir laugakeyrsu	—		6000 00
25. a. Endurgreiðsla á bráðabirgðarlánum til húsagerðar	kr.	800 00	
b. Vextir af bráðabirgðarlánum til húsa-gerðar	—	200 00	
			1000 00
26. Óvissar tekjur bæjarsjóðs	—		4000 00
27. Tekjuafgangur á reikningi 1916	—		13427 96
28. Lán	—		33000 00
29. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, auk 5—10% umfram	—		483926 49
	Alls	kr.	783104 45

Gjöld:

1. Skattur og gjöld til hins opinbera	kr.	1200 00	
2. Árgjald til Helgafellsprestakalls	—	204 45	
3. Stjórn kaupstaðarins:			
a. Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir o. fl.	kr.	4500 00	
b. Laun borgarstjóra	—	4500 00	
c. Skrifstofufé borgarstjóra	—	8000 00	
d. Laun bæjargjaldkera	—	3600 00	
e. Skrifstofufé bæjargjaldkera	—	5000 00	
f. Til að safna skýrslum fyrir niðurj.nefnd	—	600 00	
			26200 00
4. Til löggæzlu:			
a. Laun 4 lögregluþjóna	kr.	6100 00	
b. Laun 4 næturvarða	—	5600 00	
c. Fatnaður handa lögregluþjónum og næturvörðum	—	1200 00	
d. Önnur gjöld	—	700 00	
			13600 00
5. Til hreinsunar reykháfa	—		2800 00
6. Eftirlaun og ellistyrkur	—		3400 00
7. Umsjón og varzla kaupstaðarlandsins	—		900 00
8. Manntalskostnaður eftir reikningi alt að	—		600 00
	Flyt kr.		48904 45

			Flutt	kr.	48904 45
9.	Til heilbrigðisráðstafana:				
a.	Laun heilbrigðisfulltrúa	kr.	1600	00	
b.	Laun ljósmæðra	—	2000	00	
c.	Til Baðhúss Reykjavíkur	—	700	00	
d.	Önnur gjöld	—	1000	00	
					5300 00
10.	Til verkfræðings og byggingarfulltrúa:				
a.	Laun	kr.	3300	00	
b.	Skrifstofukostnaður	—	400	00	
					3700 00
11.	a. Til vegagerðar:				
1.	Laugavegur	kr.	12500	00	
2.	Lækjargata	—	12000	00	
		kr.	24500	00	
b.	Til gangstétta:				
1.	Laugavegur	kr.	10000	00	
2.	Lækjargata	—	11000	00	
			21000	00	
c.	Til ofaniburðar og viðhalds gatna og				
ræsa		—	9000	00	
					54500 00
12.	Til þrífnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o. fl.				
			—		12000 00
13.	Götulýsing				
			—		7000 00
14.	Salernahreinsun				
			—		8000 00
15.	Til vatnsveitunnar:				
a.	Afborgun	kr.	14200	00	
b.	Vextir	—	22300	00	
c.	Reksturskostnaður og viðhald	—	3000	00	
d.	Til aukningar	—	5000	00	
					44500 00
16.	Til slökkvitóla og slökkviliðs:				
a.	Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra	kr.	900	00	
b.	Laun slökkviliðsins	—	5200	00	
c.	Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa				
		—	2000	00	
d.	Kostnaður við hesta	—	2800	00	
e.	Ymisleg útgjöld	—	3000	00	
					13900 00
			Flyt	kr.	197804 45

	Flutt	kr.	197804 45
17. Bjargráðagjald	—		3850 00
18. a. Til viðhalds og endurb. á fasteignum kaupst.	kr.	16000 00	
b. Til ræktunar í Fossvogi	—	4000 00	
			20000 00
19. Til áhalda og aðgerða á þeim	—		4000 00
20. Til fátækraframtækis:			
a. Til ómaga yngri en 16 ára	kr.	4500 00	
b. Til þurfamanna eldri en 16 ára	—	120000 00	
c. Til fátækralækna	—	1000 00	
d. Greftrunarkostnaður þurfamanna	—	2500 00	
e. Önnur útgjöld	—	1500 00	
			129500 00
21. Til þurfamanna annara sveita:			
a. Útlagður styrkur	kr.	25000 00	
b. Lögflutningur	—	500 00	
			25500 00
22. Til að veita fátæklingum vinnu	—		40000 00
23. Til barnaskólans:			
a. Laun fastra kennara og stundakennara	kr.	42000 00	
b. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit	—	600 00	
c. Til áhaldakaupa og bóka; þar af 100 kr. til bókasafns kennara	—	1500 00	
d. Til eldiviðar og ljósa	—	18000 00	
e. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð	—	2000 00	
f. Til ræstingar	—	2000 00	
g. Til skólaeldhússins	—	1200 00	
h. Til matgjafa handa fátækum börnum	—	1500 00	
i. Ýms útgjöld	—	1500 00	
			70300 00
	Flyt	kr.	490954 45

Flutt kr. 490954 45

24. Ymsir styrkir:

a. Til kvennaskóla Reykjavíkur	kr.	500 00
b. Til Iðnskólans	—	500 00
c. Til Leikfélags Reykjavíkur	—	500 00
d. Til sama, gegn því að leikið verði minst fimm sinnum á ári fyrir helm- ing venjulegs verðs	—	200 00
e. Til Alpýðulestrarfélags Reykjavíkur	—	150 00
f. Til skógræktar í Reykjavík	—	300 00
g. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur 3 kr. á hvern samlagsmann, alt að	—	3600 00
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að samlagið ráði sér fastan lækni.		
h. Til Hjúkrunarfélags Reykjavíkur	—	600 00
i. Til Hjúkrunarfélagsins »Líkn«	—	600 00
j. Til lesstofu handa börnum	—	200 00
k. Til skólans í Bergstaðastræti 3	—	1200 00
l. Til Hjalpræðishersins til að halda uppi gistihúsi	—	1000 00
m. Til Ólafs Björnssonar fyrir að gefa út bæjarskrá alt að	—	300 00

9650 00

25. Ymisleg útgjöld:

a. Til leikvalla handa börnum	—	700 00
b. Til viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar þar	—	6000 00
c. Til laugakeyrslu	—	6000 00
d. Til viðhalds á sundlauginni og sund- kenslu	—	1500 00
e. Til umsjónar með Elliðaánum og við- gerðar á veiðimannahúsum	—	2000 00
f. Til risnu	—	300 00

16500 00

26. Til undirbúnings rafmagnsstöðvar	—	7000 00
27. Til mælingar og skrásetningar lóða	—	6000 00
28. Dýrtíðarráðstafanir	—	80000 00

Flyt kr. 610104 45

		Flutt kr.	610104 45
29.	Vextir og afborganir lána, annara en til vatnsveitu, gasstöðvar, baðhúss og Bjarnaborgar:		
a.	Afborgun	—	35000 00
b.	Vextir	—	65000 00
			— 100000 00
30.	Óviss gjöld	—	8000 00
31.	Eftirstöðvar til næsta árs	—	65000 00
			Alls kr. 783104 45

Borgarstjórnin í Reykjavík 30. nóvember 1917.

K. Zimsen.

Frumvarp

til áætlunar

um tekjur og gjöld Reykjavíkur árið 1919.

Frumvarp til áætlunar

um tekjur og gjöld Reykjavíkur árið 1919.

Tekjur:

1.	Eftirstöðvar frá fyrra ári	kr.	65000 00
2.	Tekjur af bygðri og óbygðri lóð	—	14500 00
3.	Landskuld af jörðum	—	1300 00
4.	Leiga af erfðafestulöndum	—	9500 00
5.	Leiga af húsum, túnnum, lóðum m. m.	—	17000 00
6.	Tekjur af laxveiðinni í Elliðaánum	—	5000 00
7.	Hagatollur	—	1000 00
8.	Tekjur af ístöku, 35 aura fyrir hvern teningsmeter	—	1500 00
9.	— af lóðasölu	—	1000 00
10.	-- af seldum erfðafestulöndum	—	1000 00
11.	— eftir byggingarsamþykkt	—	1000 00
12.	— af vatnsveitunni:		
	a. Vatnsskattur	kr.	50000 00
	b. Vatnssala til skipa	—	10000 00
			60000 00
13.	Endurborgun lána til húsnæða	—	200 00
14.	Tekjuafgangur gasstöðvarinnar	—	1000 00
15.	Sótaragjald	—	4600 00
16.	Hundaskattur	—	200 00
17.	a. Endurgr. styrkur frá innansv. mönnum	kr.	3000 00
	b. — greiftrunarkostnaður	—	200 00
			3200 00
18.	a. — styrkur frá öðrum sveitum	kr.	35000 00
	b. — lögflutningur	—	250 00
			35250 00
		Flyt kr.	
			222250 00

		Flntt	kr.	222250 00
19.	Tekjur af vinnu fátæklinga	—		20000 00
20.	Styrkur úr landssjóði til barnaskólans og skólagjald	—		7000 00
21.	Tekjur frá grunneigendum til gangstétta	—		8700 00
22.	a. Hreinsunargjald	kr.	50000 00	
	b. Fyrir seldan áburð	—	2000 00	
				52000 00
23.	Sundkenslustyrkur úr landssjóði	—		300 00
24.	Fyrir laugakeyrslu	—		4000 00
25.	a. Endurgreiðsla á bráðabirgðalánnum til húsagerðar	kr.	800 00	
	b. Vextir af bráðabirgðarlánnum til húsa-gerðar	—	200 00	
				1000 00
26.	Óvissar tekjur bæjarsjóðs	—		4000 00
27.	Niðurjöfnun eftir eignum og ástæðum, auk 5—10% umfram	—		817959 43
		Alls	kr.	1137209 43

Gjöld:

1.	Skattur og gjöld til hins opinbera	kr.	1200 00	
2.	Árgjald til Helgafellsprestakalls	—	204 45	
3.	Stjórn kaupstaðarins:			
a.	Kostnaður við bæjarstjórn, nefndir o. fl.	kr.	5000 00	
b.	Laun borgarstjóra	—	4500 00	
c.	Skrifstofufé borgarstjóra	—	10000 00	
d.	Laun bæjargjaldkera	—	3600 00	
e.	Skrifstofufé bæjargjaldkera	—	6000 00	
f.	Ræsting, hiti og ljós á skrifstofum bæjarsjóðs	—	3000 00	
g.	Til að safna skýrslum fyrir niðurj.nefnd	—	600 00	
				32700 00
4.	Til löggæzlu:			
a.	Laun lögregluþjóna	kr.	28700 00	
b.	Fatnaður handa lögregluþjónum	—	7600 00	
c.	Önnur gjöld	—	1000 00	
				37300 00
5.	Til hreinsunar reykháfa	—	3600 00	
6.	Eftirlaun og ellistyrkur	—	3700 00	
7.	Umsjón og varzla kaupstaðarlandsins	—	1000 00	
8.	Manntalskostnaður eftir reikningi alt að	—	600 00	
		Flyt	kr.	80304 45

			Flutt kr.	80304 45
9.	Til heilbrigðisráðstafana:			
a.	Laun heilbrigðisfulltrúa	kr.	2400 00	
b.	Laun ljósmæðra	—	2000 00	
c.	Til Baðhúss Reykjavíkur	—	700 00	
d.	Önnur gjöld	—	1000 00	
				6100 00
10.	Til verkfræðings og byggingarfulltrúa:			
a.	Laun bæjarverkfræðings	kr.	3600 00	
b.	Laun byggingarfulltrúa	—	900 00	
c.	Skrifstofukostnaður	—	700 00	
				5200 00
11.	a. Til vegagerðar:			
	1. Laugavegur	kr.	10000 00	
	2. Vesturgata	—	20600 00	
		kr.	30600 00	
	b. Til gangstétta:			
	1. Laugavegur	kr.	8700 00	
	2. Vesturgata	—	17500 00	
		—	26200 00	
	c. Til ofaniburðar og viðhalds gatna og ræsa	—	12000 00	
				68800 00
12.	Til þrífnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o. fl.	—	17000 00	
13.	Götulýsing	—	12000 00	
14.	a. Salernahreinsun	kr.	20000 00	
	b. Sorphreinsun	—	30000 00	
				50000 00
15.	Til vatnsveitunnar:			
a.	Afborgun	kr.	14800 00	
b.	Vextir	—	21700 00	
c.	Reksturskostnaður og viðhald	—	6000 00	
				42500 00
16.	Til slökkvitóla og slökkviliðs:			
a.	Laun slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra	kr.	900 00	
b.	Laun slökkviliðsins	—	6000 00	
c.	Viðhald og endurnýjun slökkvitóla og húsa	—	4000 00	
d.	Kostnaður við hesta	—	6000 00	
e.	Ýmisleg útgjöld	—	3500 00	
				20400 00
			Flyt kr.	302304 45

		Flutt	kr.	302304 45
17.	Bjargráðagjald	—		4000 00
18.	a. Til viðhalds og endurb. á fasteignum kaupst.	kr.	6000 00	
	b. Til undirbúnings ræktunar í Fossvogi	—	4000 00	
				10000 00
19.	a. Til áhalda og aðgerða á þeim	kr.	4000 00	
	b. Kaup efnis- og áhaldavarðar	—	1500 00	
				5500 00
20.	Til fátækraframfæris:			
	a. Til ómaga yngri en 16 ára	kr.	4500 00	
	b. Til þurfamanna eldri en 16 ára	—	140000 00	
	c. Til fátækralækna	—	1000 00	
	d. Greiftrunarkostnaður þurfamanna	—	3000 00	
	e. Önnur útgjöld	—	4500 00	
				153000 00
21.	Til þurfamanna annara sveita:			
	a. Útlagður styrkur	kr.	50000 00	
	b. Lögflutningur	—	500 00	
				50500 00
22.	Til að veita fátæklingum vinnu	—		40000 00
23.	Til barnaskólans:			
	a. Laun fastra kennara og stundakennara	kr.	50000 00	
	b. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit	—	600 00	
	c. Til áhaldakaupa og bóka; þar af 200 kr. til bókasafns kennara	—	1500 00	
	d. Til eldiviðar og ljósa	—	10000 00	
	e. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð	—	2000 00	
	f. Til ræstingar	—	2000 00	
	g. Til skólaeldhússins	—	1200 00	
	h. Til matgjafa handa fátækum börnum	—	3000 00	
	i. Öðrs útgjöld	—	1500 00	
				71800 00
		Flyt	kr.	637104 45

	Flutt kr.	637104 45
24. Ýmsir styrkir:		
a. Til kvennaskóla Reykjavíkur kr.	500 00	
b. Til Iðnskólans	— 500 00	
c. Til Leikfélags Reykjavíkur	— 500 00	
d. Til sama, gegn því að leikið verði minst fimm sinnum á ári fyrir helm- ing venjulegs verðs	— 200 00	
e. Til Alpýðulestrarfélags Reykjavíkur	— 150 00	
f. Til skógræktar í Reykjavík	— 300 00	
g. Til sjúkrasamlags Reykjavíkur 3 kr. á hvern samlagsmann, alt að	— 4500 00	
h. Til Hjúkrunarfélags Reykjavíkur	— 900 00	
i. Til Hjúkrunarfélagsins »Líkn«	— 900 00	
j. Til lesstofu handa börnum	— 200 00	
k. Til skólans í Bergstaðastræti 3	— 1500 00	
l. Til Hjálpræðishersins til að halda uppi gistihúsi	— 1000 00	
m. Til Ólafs Björnssonar fyrir að gefa út bæjarskrá alt að	— 300 00	
		11450 00
25. Ýmisleg útgjöld:		
a. Til leikvalla handa börnum kr.	800 00	
b. Til viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar þar	— 6000 00	
c. Til laugakeyrslu	— 6000 00	
d. Til viðhalds á sundlauginni og sund- kenslu	— 1500 00	
e. Til umsjónar með Elliðaánum og við- gerðar á veiðimannahúsum	— 1500 00	
f. Til risnu	— 300 00	
		16100 00
26. Til mælingar og skrásetningar lóða	— 8000 00	
27. Dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum bæjarins	— 30000 00	
28. Dýrtíðarráðstafanir	— 30000 00	
	Flyt kr.	732654 45

			Flutt kr.	732654 45
29.	Vextir og afborganir lána, annara en til vatnsveitu, gasstöðvar, baðhúss og Bjarnaborgar:			
a.	Afborgun	kr.	35000 00	
b.	Vextir	—	75000 00	
			—	110000 00
30.	Óviss gjöld		—	12000 00
31.	Tekjuhalli árið 1917:			
a.	Á reikningi bæjarsjóðs (áætlað). . .	kr.	75000 00	
b.	Á reikningi gasstöðvar	—	34554 98	
c.	Á mótekju	—	108000 00	
			—	217554 98
32.	Eftirstöðvar til næsta árs		—	65000 00
			Alls kr.	1137209 43


Í fjárhagsnefnd Reykjavíkur 4. desember 1918.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jörundur Brynjólfsson.

Athugasemdir

við frumvarp til áætlunar

um tekjur og gjöld Reykjavíkur árið 1919.



Athugasemdir

við frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld
Reykjavíkur árið 1919.

Tekjur:

1. liður.

Sama upphæð og undanfarin ár og jafnhá gjaldlið 32

2. liður.

Sama upphæð og 1918.

3. liður.

Sama upphæð og 1918.

4. liður.

Erfðafestugjöld fara nokkuð hækkandi, sérstaklega meðan meðalalin he'zt í hlé verði. Liðurinn er áætlaður 500 kr. hærri en 1918.

5. liður.

Sama upphæð og 1918.

6. liður.

Árið 1918 leigðust Elliðaáarnar fyrir 5000 kr. og telur fjárhagsnefndin semnilegt að ekki minni leigu verði unt að fá 1919.

7. liður.

Hestaeign í bænum fer minnkandi og er hagatollur því áætlaður 200 kr. lægri en 1918.

8. liður.

Tekjur af ístöku eru áætlaðar 300 kr. hærri en 1918 með tilliti til þess að búast má við að ístaka verði meiri en í ár.

9., 10. og 11. liðir.

Sömu upphæðir og 1918.

12. liður.

a. Sama upphæð og 1918.

b. Þar sem búast má við að siglingar komist á árinu 1919 rökurnveginn í eðlilegt horf þykir fært að bækkja tekjur af vatnssölu upp í 10000 krónur, eða sem næst sömu upphæð og greiddist fyrir vatn til skipa árið 1916.

13. liður.

Lán, sem veitt voru til að koma vatnsæðum í hús þegar vatnsleiðslan var gjörð eru þvínær greidd að fullu og hefir þessi liður því verið lakkaður um 300 krónur.

14. liður.

Fjárhagsnefndin telur ekki mjög sennilegt, að tekjuafgangur verði af rekstri gasstöðvarinnar næsta ár, þar sem útlit er fyrir að ýmsir erfiðleikar verði enn um hríð og kolaverð hátt. Samt hefir hún eftir ákveðna tsk og tillögu gasnefndar áætlað 1000 kr. tekjuafgang eins og 1918.

15. og 16. liðir.

Sömu upphæðir og 1918.

17. liður.

Eftir áætlun fátækranefndar. Endurgreiddur grestrunarkostnaður er áætlaður 100 kr. hærri en 1918 af því að búast má við háu verði á eftirlátum munum dáiinna þurfalinga.

18. liður.

Eftir áætlun fátækranefndar. Gert er ráð fyrir að tæplega $\frac{3}{4}$ blutar af styrk veittum þurfalingum annara sveita fáiist endurgreiddir.

19. liður.

Eftir tillögu fátækranefndar. Sama upphæð og 1918.

20. liður.

Gjört er ráð fyrir 6000 kr. styrk úr landssjóði til barnaskólans og að skólagjald greiðist með 1000 krónum.

21. liður.

Fjárhagsnefndin áttar að kr. 26200.00 verði varið til gangstétta, en grunneigendur eiga að greiða $\frac{1}{8}$ hluta kostnaðarins.

22. liður.

a. Samkvæmt nágildandi reglugjöð um gjald fyrir hreinsun salerna mundi þetta gjald að eins nema tæpun 5000 krónum, en veganeftnd hefir áætlað að salernahreinsunin muni árið 1919 kosta 20.000 krónur og sorphreinsunin 30.000 krónur, og bæjarstjórnin hefir samþykkt að einnig sorphreinsunin skuli frá nýári framkvæmd á kostnað bæjarsjóðs gegn gjaldi frá húseigendum. Fjárhagsnefndin hefir því átt að alt hreinsunargjald með jafnhárru upphæð og kostnaðurinn telst muni verða, en skilyrðið fyrir því að þetta gjald verði innheimt, er að bæjarstjórnin semji gjaldskrá undir eins og fullnaðaráætlun er gjörð um kostnaðinn.

b. Ekki þykir rétt að áætla tekjur af sölu áburðar meiri en 2000 krónur, enda þótt þessar tekjur hafi undanfarin ár orðið nokkuð á þriðja þúsund, því að áburðarmagnið minskar ávalt vegna fjölgunar vatnssalerna.

23. liður.

Upphæðin er veitt í fjárlögum.

24. liður.

Það þykir ekki fært að áætla þessar tekjur hærri en 4000 krónur, þar sem ella þyfti að hækka um of borgunina fyrir keyrslu á þvotti til lauganna.

25. og 26. liðir.

Sömu upphæðir og 1918.

27. liður.

Fjárhagsnefndin getur að þessu sinni ekki lagt til að tekið verði nokkurt lán til þeirra framkvæmda, sem hún gerir tillögur um í frumvarpi þessu og verður því að jafna niður öllum mismuninum á gjaldliðum frumvarpsins og framanskráðum tekjuliðum.

Útsvörin voru 1918 áætluð kr. 483926,49 en á árinu reyndist nauðsynlegt að hækka þau um þriðjung vegna aukinna útgjalda og voru öll útsvör árið 1918 þannig kr. 483926,49 + 161308,83 = kr. 645235,32. Hækkun útsvara frá árinu 1918 verður þannig kr. 817959,43 ÷ 645235,32 = 172724,11.

Gjöld.

1. og 2. liður.

Sömu upphæðir og áður.

3. liður.

- a. Árið 1917 varð kostnaður á þessum lið kr. 4573,58.
 b. Fastakveðin laun.
 c. Árið 1917 varð þessi kostnaður kr. 8693.44, en það ár var ekki greitt kaup til fulltrúa fyrir en síðari hluta nóvembermánaðar.
 d. Óbreytt laun.
 e. Á ið 1917 var kostnaður á þes um lið kr. 5766.76
 f. Þetta er nýr liður í áætlun. Sá kostnaður, sem hér er um að ræða hefir áður verið færður á ýmsa liði: 3 c, 3 e, 10 b, og 16 e, en skiftingin hefir að ýmsu leyti verið af handihófi og þykir réttara að telja kostnaðinn á sérstökum gjaldlið.
 g. Sama fjárveiting og undanfari ár.

4. liður.

Í sambandi við lögreglusamþykkt þá, sem bæjarstjórnin hefir í smíðum hefir verið ráðgert að gagnræ breyting yrði gerð á skipun lögregluliðsins í bænum og hefir lögreglustjórnin verið beðinn að gera tillögur hér að lútandi. Tillögur lögreglustjórans hafa borist fjárhagsnefndinni í bréfi dags. 2. þ. m. og eru tillögur nefndarinnar um fjárveitingu til lögreglunnar byggðar á þeim, en málið í heild sinni þarf að ræða í bæjarstjórn áður en fjárveitingin verður samþykkt. — Tillögur lögreglustjóra verða fengnar lögreglusamþykktarnefnd til athugunar.

5. liður.

Eftir áætlun brunamálanefndar.

6. liður.

Eftirlaun og ellistyrkur er:

Til ekkjafadar Önnu Petersen	kr. 300.00
— — — M. Helgesen	— 300.00
— fyrir ljósmóður Sesselju Sigvald dóttur	— 100.00
— — sötara Benedikts Jónssonar	— 1200.00
— — — Magn. Magnússonar	— 300.00
— — lögregluþj. Þorvaldar Björnssonar	— 1500.00

Sesselja Sigvaldadóttir hefir sótt um að styrkur hennar verði hækkaður upp í 200 kr., en fjárhagsnefndin vill ekki mæla með þeirri beiðni.

7. liður.

Eftir tillögu fasteignanefndar. Kostnaður 1918 kr. 1097.50

8. liður.

Sama upphæð og áður.

9. liður.

- a. Akveðin laun.

b. c. og d. Sömu upphæðir og 1918.

10. liður.

a. og b. Akveðin laun.

c. Kostnaður 1917 kr. 1145.40, 1918 til 1. rðv. kr. 560.90.

11. liður.

a. og b. Veg nefndin hefir að eins gert tillögu um götugerð á Laugavegi frá Frakkastíg að Vitastíg, en fjárhagsnefndin telur óhjákvæmilegt að einnig verði gerð akbraut og gangs éttir á Vesturgötu vestur að Bræðraborgarstíg.

c. Eftir tillögu veganefndar.

12. liður.

Eftir tillögu veganefndar. Kostnaður 1917 kr. 12671.51 og til októberloka 1918 kr. 14348.48.

13. liður.

Veganefnd hefir gert tillögu um 7000 kr. fjárveitingu til götulýsingar, en fjárhagsnefndin telur ekki muni veita af 12000 kr. ef kveikt verður á alt að þriðja partí af götulýsikerum bæjarins, en minna má vula gagn gera.

14. liður.

Kostnaður við salernabreinsun er tekinn eftir áætlun veganefndar (sbr. tekjulið 22). Fjárhagsnefndin hyggur áætlunina vera of háa, en býst við að bera sig frekar saman við veganefndina um þetta, áður en gengið verður frá áætluninni.

15. liður.

a. og b. Efnahagsreikningur vatnsveitunnar er ekki fullgerður, og eru þessar upphæðir því áætlaðar á sama hátt og undanfönn ár.

c. Vatnsnefndin hefir lagt til að kostnaður við rekstur og viðhald vatnsveitunnar verði áætlaður kr. 4500.00, en með tilliti til nauðsynlegra umbóta á vatnsæðinni utanbæjar hyggur fjárhagsnefndin réttara að áætla kostnaðinn 6000 krónur.

Tillögu vatnsnefndar um 500 kr. fjárveitingu til að setja krana fyrir dykkjarvatn á hafnarbakkann vill fjárhagsnefnd vísa til hafnarnefndar, þar sem hún telur hafnarsjóð eiga að sjá um þessa framkvæmd.

16. liður.

a. Fastákveðiu upphæð.

b. c. og d. Eftir tillögu brunamálanefndar.

17. liður.

Upphæðin miðuð við að íbúar Reykjavíkur séu 16000 manns.

18. liður.

a. Fasteignanefndin hefir áætlað þenna lið 2500 kr., en fjárhagsnefndin telur fyrirsjáanlegt, að sú upphæð verði of lítil, þar sem húseignir bæjarins hafa aukist svo mjög síðustu árin, og leggur til, að veittar verði 6000 kr.

b. Fjárhagsnefndin telur rétt, að upphæðin til undirbúnings ræktunar í Fossvogi haldist óbreytt.

19. liður.

a. Sama upphæð og 1918.

b. Eftir tillögu veganeftndar. Fjárhagsnefndin felst á það með veganeftndinni, að nauðsyn beri til, að sérstakur maður verði látinn gæta áhaldna bæjarins og hafa umsjón og hirðu á margskonar efni og lausafármunum, sem bærinn á. Leggur hún því til, að veitt verði fé til að launa efni- og áhaldaverði, en vill hins vegar ekki fallast á tillögu veganeftndar um 20000 kr. fjárveitingu til byggingar á geymsluhúsi fyrir efni og áhöld, þar sem hún telur mögulegt að fá húsrúm er nægir í svip, í húsum, sem bærinn eða höfnin hefir umráð yfir.

20. liður.

Eftir tillögum fátækraneftndar.

a. Sama upphæð og 1918.

b. 1917 nam þessi styrkur kr. 81578,59 og 1918 virðist styrkurinn ætla að ná áætlunarupphæð, 120000 krónum. Það má búast við að s.yrksþörf verði meiri en undanfarið, að minsta kosti fyrri hluta árs 1919 og öll meðlög hafa farið hækkandi á árinu 1918, svo að sýnt er, að ekki verður komist af með sömu upphæð næsta ár og í ár.

c. Umsámin upphæð.

d. Liðurinn er hækkadur um 500 krónur vegna aukningar á öllum kostnaði við útfarir.

e. Fátækraneftndin áætlar þennan lið 3000 kr. hærri en 1918 og hygst hún að verja þessu fé til þess á einhvern hátt að útvega húsnæði, þar sem til bráðabirgða má koma fyrir vitskertu fólki, urz því verður ráðstafað, en undanfarin ár, sérstaklega tvö síðustu árin, hefir oft horft til vandæða vegna vöntonar á slíku húsnæði.

21. liður.

Eftir tillögu fátækraneftndar.

a. Styrkur til októberloka í ár nemur kr. 41550.75. Hin mikla hækkun stafar aðallega af því hve margt fólk kemur hingað veikt og þarf hjálpar til að komast á spítala, og yfirleitt af því, að spítalakostnaður hefir hækkad svo mjög.

b. Sama upphæð og 1918.

22. liður.

Eftir tillögu fátækraneftndar. Sama upphæð og 1918.

23. liður.

Eftir tillögu skólaneftndar.

a. Allir kennarar barnaskólans hafa sótt um launahækkun. Fjárhagsnefnd er skólanefnd sammála um, að kaup kennara sé of lágt og felst á tillögur hennar um að hækka liðinn um 8000 krónur.

b. Sama upphæð og 1918.

c. Upphæðin óbreytt eins og 1918, en ætlast er til að bókasafn kennara fái vegna verðhækkunar á bókum 100 krónur meira en í ár.

d. Með því að tekist hefir að nota mó í miðstöð skólans og jafnframt má gera ráð fyrir, að ko'averð lækki, er þessi liður áætlaður 8000 krónum lægri en 1918.

e., f. og g. Sömu upphæðir og 1918.

h. Í ár hefir kosnaður við matgjafir orðið kr. 2313.61 og skólanefnd telur víst, að á komandi vetri muni þurfi að gefa fleiri börnum mat, en að undanfögnu. Liðurinn er því hækkaður upp í 3000 krónur.

i. Sama upphæð og 1918.

24. liður.

a.—f. Sömu upphæðir og áður.

g. Fjárhagsnefndin vill veita Sjúkrasamlaginu sama styrk og áður, 3 krónur fyrir hvern samlagsmann, þó ekki yfir 4500 krónur, en samlagsmenn munu nú, að sögn formanns samlagsins, vera rúmlega 1400.

h. og i. Fjárhagsnefndin vill sökum dýrtíðarinnar og ýmsra erfiðleika hækka styrkinn til hjúkrunarfélaganna um 300 krónur, enda hefir félagið Líka sótt um þá hækkun.

j. Sama upphæð og áður.

k. Ísleifur Jónsson hefir sótt um að styrkur til skólans í Bergstaðastræti 3 verði hækkaður upp í 1500 krónur. Skólanefndin hefir mælt með beiðninni og þykir fjárhagsnefndinni eftir atvikum rétt að bæjarsjóður verði við henni.

l. Þegar bæjarstjórnin í fyrra haust samþykkti 1000 kr. fjárveitingu til Hjálpræðishersins til að halda uppi gistihúsi, var það gert með það fyrir augum að sami styrkur yrði veittur árlega í 5 ár.

m. Sama upphæð og 1918 og með sama skilyrði um, að styrkurinn verði því að eins greiddur, að útgáfa bæjarskránnar beri sig ekki. Þess skal getið, að í ár hefir ekki enn verin gerð krafa til styrksins.

25. liður.

a.—d. Eftir tillögu veganefundar. Upphæðirnar óbreyttar eins og 1918, nema kostnaður við leikvelli, sem er 100 krónum hærrí en í ár.

e. Vegna sérstakrar viðgerðar á veiðimannahúsunum var þessi liður hækkaður 1918. Nú hefir fasteignanefnd áætlað kostnaðinn kr. 1500.00.

f. Sama upphæð og undanfarin ár.

26. liður.

Á árinu 1919 er ætlast til að fram fari skrásetning lóða, enda mun uppdráttur kaupstaðarlóðarinnar verða fullgerður fyrir næsta vor.

Þess utan er ætlast til að haldið verði áfram að mæla land bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar.

27. liður.
Árið 1917 nam dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum bæjarins kr. 26785.23 og í ár er búið að greiða kr. 18008.81. Hefir dýrtíðaruppbótin verið greidd að mestu leyti eftir sömu reglum og gilda um dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum landskjóðs, en fjárhagsnefndin ætlar til, að þar sem hún í frumvarpi þessu af sérstökum ástæðum hefir lagt til, að laun nokkurra starfsmann verði hækkuð að miklum mun, en sumra lítið eða jafnvel alls ekkert, þá verði á árinu 1919 dýrtíðaruppbótin ákveðin fyrir hvern einstakan starfsmann, þannig að samræmi verði í því, sem hver einstakur ær úr býtum, er laun og dýrtíðaruppbót verða lögð saman og tillit tekið til fjölda ómaga. Væntir nefndin, að dýrtíðarnefnd geri tillögur um þetta.

Bæjarstjórnin mun búast við tillögum frá fjárhagsnefnd um bætt launakjör allra starfsmanna bæjarins framvegis, en nefndin letur þe s getið hér, að hún sér ekki veg til að koma fram með ákveðnar tillögur í þessa átt að svo stöddu.

28. liður.

Af þeirri upphæð, sem talin er hér, er ætlast til að greiddur verði kostnaður við bjargráðanefnd, seðlaúthlutun, húsaleigunefnd og aðrar slíkar almennar dýrtíðar-ráðstafanir.

Nefndin væntir þess, að þessi kostnaður minki smám saman á árinu, er heimsfríður verður saminn og verzlun og samgöngur verða aftur frjálssar og hefir því áætlað kostnað á þessum lið og til dýrtíðaruppbótar samtals 20000 kr. lægri en 1918.

29. liður.

a. Vegna þess að ekki er lagt til að nein ný lán verði tekin á árinu 1919 þykir nægja að áætla til afborgunar lánum aðeins það, sem nægir til að greiða umsamdar afborganir, eins og gert var í ár.

b. Vegna hækkunar á vöxtum og nokkurrar aukningar á skuld bæjarsjóðs er gert ráð fyrir að vaxtagreiðsla aukist um 10000 krónur.

30. liður.

Fjárhagsnefndin leggur til, að af þessum lið verði borgarstjóra K. Zimsen greiddur kostnaður sá, sem hann á árunum 1814 1916 greiddi úr sínum vasa til skrifstofuhalds, en samkvæmt athugasemdum við reikninga bæjarsjóðs árin 1915 og 1916 nam kostnaðurinn kr. 2230.60.

Ennfremur leggur nefndin til að bæjarsjóður kaupi handa borgarstjóraskrifstofunni eftir mati tveggja manna, sem bæjarfulltrúarnir í nefndinni tilnefna, skrifstofugögn þau, sem eru notuð á skrifstofunni, en eru eign K. Zimsens.

Með tilliti til þessara sérstöku útgjalda er lagt til að liðurinn hækki um 400 kr.

31. liður.

a. Tekjuhalli á reikningi bæjarsjóðs árið 1917 er áætlaður 75000 krónur, en þar sem reikningurinn er ekki fullbúinn af hendi bæjargjaldkera, er ekki mögulegt að

vita með vissu hver hann verður. Það má jafnvel búast við að áætlunin sé röng að verulegum mun, en nefndin hefir krafist þess að bæjargjaldkerinn skili reikningunum einhvern næstu daga, svo að sjá megí rétta upphæð tekjuhallans áður en bæjarstjórnin gengur frá áætluninni.

b. Samkvæmt reikningi gasstöðvarinnar fyrir árið 1917 er allur tekjuhalli hennar kr. 34554.98 en aðeins kr. 23791,64 stafar frá árinu 1917.

c. Af víxillánum þeim, sem tekin voru til mótekju árið 1917, er enn ógreitt kr. 108000.00 og verður ekki hjá því komist samkvæmt samningi við lánardrottinn að greiða þá skuld að fullu. Er því nauðsynlegt að taka alla upphæðina upp á áætlun.

Reikningur mótekjunnar 1917 er ekki fullgerður, af því að enn fer fram sala á hrisi og ýmsu efni tilheyrandi henni, en það, sem enn innheimtist, mun tæplega verða meira en nægi til að greiða vexti af skuldinni, unz hún verður borguð. Hinsvegar á bæjarsjóður móeltivélarnar, sem keyptar voru, og jarðabæturnar í Kringlumýri, skurðir og sléttun mýrarinnar eru mikils virði, svo að ekki ber að skoða alla skuldarupphæðina tap.

32. liður.

Sama upphæð og tekjuliður 1.

Nefndin lætur þess getið, að ástæðan fyrir því, að frumvarpið til fjárhægsáætlunar er ekki búið fyr en nú, er sú, að Ólafur Lárusson, sem var settur borgarstjóri í fjarveru K. Zimsens, veiktist af influenzu síðast í október, þegar nefndin ætlaði að taka til starfa við samningu frumvarpsins. Vegna influenzunnar varð svo ekki unnið að verkinu fyr en síðast í nóvember. — Enda þótt nefndin vilji engan veginn afsaka að bæjargjaldkerinn hafði ekki tilbúinn reikninginn fyrir 1917 í tæka tíð, þá vill hún taka fram, að influenzan er meðfram orsök þess, að reikningurinn er ekki nú fullgerður.

Í fjárhagsefnd Reykjavíkur, 5. desember 1918.

K. Zimsen.

Síghvatur Bjarnason.

Jörundur Brynjólfsson.

1908. Morgunblaðið.

Viðskent fullveldi, í öllum vorum málum.

Felur fyrst og fremst: sbr.

2. Mannræðismál

1. jafnrætti þegna

3

Sérstök þjóð og

Sérstakt land, sem þjóðin rætur yfir.

Forsetisráði:

Látekni

Felja ekki þinginu.

Láttu taka við gjafan sig.

sker tíma þi að taka við málum.

(Skýr)

dansk-íslenskra sambandslaga.

til

Ekki efnað um, að breyta þv. rétt.

Láttu þing.

Vorra m 1908. -

(Lagt fyrir alþingi 1918.)

Ekki að reyna allir annmarkar

teknir burtu 1908.

Dansk-íslensk sambandslög.

Fullveldi, í öð en ekki borti. Haldið í öllum greinum, (í öngvæn hatt rétt).

Fiskveiðirætturinn, eins og Danir vildu.

Íslendingar hvettaðir annarsleitar ekki þennar m. aðrir útlendingar.

1. gr. - eitt þv. rætur að borga.

Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung og um samning þann, er felst í þessum sambandslögum.

Nöfn beggja ríkja eru tekin í heili konungs.

Ekki að banna öllum manna annara þjóða at. taka við bótum.

2. gr.

Skipun konungserlða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema samþykki beggja ríkja komi til.

Því er þv. að fá Danir þv. að ræta kenna, öð en í borti.

(Vá öð þv. kvennsl.)

3. gr.

Ákvæði þau, er gilda nú í Danmörku um trúarbrögð konungs og lög-ræði, svo og um meðferð konungsvalds þegar konungar er sjúk, ólögurður eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

16. gr. ekki fr. skending á öðru valdi en Danir

4. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis ríkisþings Danmerkur og alþingis Íslands.

Þeppilegt, at lofþáfi er lík. (Skýr form Norðskonunga)

5. gr.

Hvort ríki fyrir sig setur ákvæði um greiðslu af ríkisfje til konungs kostnaður 1. og konungsættar.

Ö. Hvaldssonar og Eitan, sbr. Dani

II.

6. gr.

Danskir rikisborgarar njóta að öllu leyti sama rjettar á Íslandi sem islenskir rikisborgarar fæddir þar, og gagnkvæmt.

Ríkisborgarar hvors lands eru undanþegnir herskyldu í hinu.

Bæði danskir og islenskir rikisborgarar hafa að jöfnu, hvar sem þeir eru búsettir, frjálsa heimild til fiskiveiða innan landhelgi hvors ríkis.

Dönsk skip njóta á Íslandi sömu rjettinda sem íslensk skip, og gagnkvæmt.

Danskar og íslenskar afurðir og afrek skulu gagnkvæmlega eigi að neinu leyti sæta óhagkvæmari kjörum en nokkurs annars lands.

III.

7. gr.

Danmörk fer með utanrikismál Íslands í umboði þess.

Í utanrikisstjórnarráðinu skal skipa eftir ósk íslensku stjórnarinnar og í samráði við hana trúnaðarmann, er hafi þekkingu á íslenskum högum, til þess að starfa að íslenskum málum.

Nú er einhversstaðar enginn sendiherra eða sendiræðismaður, og skal þá skipa hann eftir ósk íslensku stjórnarinnar og í samráði við hana, enda greiði Ísland kostnaðinn. Með sömu skilyrðum skal skipa ráðunauta með þekkingu á íslenskum högum við sendisveitir og ræðismannaembætti þau, sem nú eru. Ef stjórn Íslands kys að senda úr landi sendimenn á sinn kostnað, til þess að semja um sjerstök íslensk málefni, má það verða í samráði við utanrikisráðherra.

Samningar þeir, sem þegar eru gerðir milli Danmerkur og annara ríkja og birtir, og Ísland varða, gilda og þar. Ríkjasamningar þeir, sem Danmörk gerir eftir að sambandslög þessi hafa náð staðfestingu, skuldbinda ekki Ísland, nema samþykki rjetttra íslenskra stjórnvalda komi til.

8. gr.

Danmörk hefir á hendi gæslu fiskiveiða í íslenskri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur, að öllu eða nokkru leyti, á sinn kostnað.

9. gr.

Myntskipun sú, sem hingað til hefir gilt í báðum ríkjum, skal vera áfram í gildi meðan myntsamband Norðurlanda helst.

Ef Ísland kynni að óska að stofna eigin peningasláttu, verður að semja við Svíþjóð og Noreg um það, hvort mynt sú, sem slegin er á Íslandi, skuli vera viðurkendur löglegur gjaldeyrir í þessum löndum.

10. gr.

Hæstirjettur Danmerkur hefir á hendi ædsta dómsvald í íslenskum

málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna ædsta dómstól í landinu sjálfu. En þangað til skal skipa Íslending í eitt dómarasæti í hæstarjetti, og kemur það ákvæði til framkvæmda, þegar sæti losnar næst í dómnum.

11. gr.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið að framan um hlutdeild Íslands í kostnaði þeim, sem leiðir af meðferð mála þeirra, sem ræðir um í þessum kafla, skal hún ákveðin eftir samningi milli stjórna beggja landa.

IV.

12. gr.

Öðrum málum en þeim, sem að framan eru nefnd, en varða bæði Danmörk og Ísland, svo sem samgöngumálum, verslunar- og tollmálum, siglingum, póstmálum, síma- og loftskýttasambandi, dómgæslu, máli og vigt og fjárhagsmálum, skal skipa með samningum, gerðum af þar til bærum stjórnvöldum beggja ríkja.

13. gr.

Fjárhæð sú, að upphæð 60,000 kr., sem ríkissjóður Danmerkur hefur undanfarið árlega greitt Íslandi, og kostnaður ríkissjóðs Danmerkur af skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn, fellur niður.

Sömuleiðis eru afnumin forrjettindi íslenskra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla.

14. gr.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir 2 miljónir króna, og skal stofna af þeim tvo sjóði, hvorn að upphæð 1 miljón króna, í því skyni að efla andlegt samband milli Danmerkur og Íslands, styðja íslenskar vísindarannsóknir og aðra vísindastarfsemi og styrkja íslenska námsmenn. Annar þessara sjóða er lagður til háskólans í Reykjavík, en hinn til háskólans í Kaupmannahöfn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og starfsemi sjóðanna setur konungur eftir tillögum stjórnar hvors lands, að fengnu áleti háskóla þess.

15. gr.

Hvort land fyrir sig ákveður, hvernig hagsmuna þess sjálfs og þegna þess skuli nánar gælt í hinu landinu.

V.

16. gr.

Stofna skal dansk-íslenska ráðgjafarnefnd, sem í eru að minsta kosti 6 menn, annar helmingur kosinn af ríkisþingi Danmerkur og hinn helmingurinn af alþingi Íslands.

Sjerhvert lagafrumvarp, sem varðar nánari meðferð mála þeirra, er

um ræðir í sambandslögum þessum, og lagafrumvörp um sjermál annarshvors rikisins, sem einnig varða hitt ríkið og stöðu og rættindi þegna þess, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja fyrir nefndina til álita áður en þau eru lögð fyrir ríkisþingi(i) eða alþingi, nema það sje sjerstaklega miklum vandkvæðum bundið. Nefndinni ber að gera tillögur um breytingar á þeim frumvarps-ákvæðum, sem hún telur koma í bága við hagsmuni annarshvors rikisins eða þegna þess.

Nefndin hefir ennfremur það hlutverk, annaðhvort eftir tilmælum stjórnanna eða af eigin hvötum, að undirbúa samning lagafrumvarpa, er miða að samvinnu milli rikjanna og samræmi í löggjöf þeirra, og að taka þátt í samvinnu um sameiginlega löggjöf á Norðurlöndum.

Nánari fyrirmæli um tilhögun og starfsemi nefndarinnar setur konungur eftir tillögum frá stjórnunum beggja landa.

17. gr.

Nú ris ágreiningur um skilning á ákvæðum sambandslaga þessara, sem stjórnirnar geta ekki jafnað með sjer, og skal þá skjóta málinu til gerðardóms 4 manna, og kys æðsti dómstóll hvors lands sinn helming þeirra hvor. Gerðardómur þessi sker úr ágreiningnum og ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, skulu úrslitin falin oddamanni, sem sænska og norska stjórnin á vixl eru beðnar að skipa.

VI.

18. gr.

Eftir árslok 1940 getur ríkisþing og alþingi hvort fyrir sig hvenær sem er krafist, að byrjað verði á samningum um endurskoðun laga þessara.

Nú er nýr samningur ekki gerður innan 3 ára frá því að krafan kom fram, og getur þá ríkisþingið eða alþingi hvort fyrir sig samþykkt, að samningur sá, sem felst í þessum lögum, sje úr gildi feldur. Til þess að ályktun þessi sje gild, verða að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ þingmanna annaðhvort í hvorri deid rikisþingsins eða í sameinuðu alþingi að hafa greitt atkvæði með henni, og hún síðan vera samþykkt við atkvæðagreiðslu kjósenda þeirra, sem atkvæðisrjett hafa við almennar kosningar til löggjafarþings landsins. Ef það kemur í ljós við slíka atkvæðagreiðslu, að $\frac{3}{4}$ atkvæðisbærra kjósenda að minsta kosti hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og að minsta kosti $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða hafi verið með samningsslitum, þá er samningurinn fallinn úr gildi.

VII.

19. gr.

Danmörk tilkynnir erlendum rikjum, að hún samkvæmt efni þessara sambandslaga hafi viðurkent Ísland fullvalda ríki, og tilkynnir jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sinu og að það hafi enjan gunnfána.

20. gr.

Sambandslög þessi ganga í gildi 1. desember 1918.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi því til dansk-islenskra sambandslaga, er nefndir þær, sem skipaðar voru á þessu ári af stjórn og ríkisþingi Danmerkur og alþingi Íslands, til þess að semja um stöðu landanna sin á milli, hafa komið sjer saman um, og ráðuneyti Íslands fallist á. Um frumvarpið þykir að öðru leyti nægja að visa til athugasemda þeirra, er fylgja frumvarpi umgetinna nefnda, og prentaðar eru í fylgiskjalinu hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Forslag

til

Dansk-Islandsk Forbundslov.

Frumvarp

til

dansk-islenskra sambandslaga.

De af Danmarks Regering og Rigsdag og af Islands Althing til Forhandling om Landenes indbyrdes Stilling nedsatte Udvalg har enstemmig samlet sig om det nedenstaaende Forslag til Dansk-Islandsk Forbundslov, hvilket indstilles til Godkendelse af de to Landes Regeringer og lovgivende Forsamlinger.

Naar Forslaget er vedtaget saavel af Danmarks Rigsdag som af Islands Althing og af Islands Vælgere ved den i Islandsk Forfatningslov No. 12 af 19. Juni 1915 § 21 paabudne Afstemning, og naar det saaledes vedtagne Forslag har opnaaet Kongens Stadfæstelse, vil Loven med Indledning lyde saaledes:

Ein ástæða, sem oft hefur verið framborin til þess að rjettlæta það, að landsversluninni sje haldið áfram, er sú, að landsverslunin stuðli að því að halda vöruverði niðri í landinu. Verslunarráðið er nú þeirrar skoðunar, að landsverslunin hafi aldrei haft nein áhrif í þá átt, en jafnvel þó svo hafi verið, þá er þessi ástæða nú svo gersamlega horfin þar sem reynslan hefur ótvírætt sýnt að undanfarið hefur vöruverð haldist óeðlilega hátt, einmitt vegna landsverslunarinnar. Hennar vegna hefur innflutningur á ýmsum nauðsynja vörum verið bannaður og landsverslunin virðist undanþegin afskiftum verðlagsnefndarinnar.

Þá má og í sambandi við landsverslunina minnst á landssjóðsskipin. Er víst óhætt að fullyrða að ástæðan til þess að þau eru enn óseld sje sú, að landsverslunin hefur þurft á þeim að halda, en á þeim skipum er þegar orðið stórtjón og verður vafalaust meira áður lýkur.

Að því er viðskiftahömlurnar snertir, þá er verslunarráðið þeirrar skoðunar, að á þeim tíma, sem þær komust á, hafi verið rjett að gera ráðstafanir í þá átt, að hafa eftirlit með aðflutningi til landsins. Um það leyti og frameftir vorinu fór vöruverðið enn hækkandi og þótt ýmsir teldu fyrir sjáanlegt verðfall á næstunni, þá voru kaupsýslumenn og aðrir vöruinnflytjendur yfirleitt þeirrar skoðunar, að hið háa verðlag mundi haldast um nokkurt skeið og drógu litið úr innkaupum sínum. En nú orðið er alt öðru máli að gegna. Vöruverð hriðfellur og engum kemur til hugar, að flytja inn meira en það sem bráðnauðsynlegt er. Hagur almennings er yfirleitt orðinn hjer svo þröngur, að menn kaupa aðeins það, sem eigi verð-

¹⁾ Áskoranir hafa borist frá eftirfarandi stöðum og er tilgreind við hvern stað tala þeirra, er hafa undirskrifað áskoranirnar: Reykjavík 163, Akureyri 40, Hafnarfjörður 13, Stykkishólmur 12, Fáskrúðsfjörður 15, Sandgerði 2, Sauðárkrúkur 7, Norðfjörður 7, Ísafjörður 36, Vesmannaeýjar 16, Akranes 9, Borgarnes 5 og Seyðisfjörður (frá kaupmannafjelaginu).

ur án verið, enda munu flestir, sem til þekkja, sammála um, að sem næst algjör kyrstaða sje í versluninni. Það má því telja vist, að þótt viðskiftahömlurnar yrðu afnumndar, þá mundi vöruinnflutningur eigi aukast að neinu ráði, en verðið mundi þá þegar falla á þeim vörum, sem fyrir eru þar eð frjáls aðgangur yrði að ódýrum vörum á erlendum markaði. Verðlagsráðstafanir geta aldrei haft hemil á vöruverði, ef viðskiftahöft hindra frjálsan innflutning. Það eru aðeins fáar vörutegundir, sem eru viðráðanlegar fyrir verðlagseftirlit, en megin þorinn algjörlega óviðráðanlegur. Eina ráðið til þess að koma á eðlilegu verðlagi er því að innflutningur á vörum sje frjáls.

Það eru nú orðin bein lífsskilyrði fyrir þjóðina alla, að verðfall það, sem orðið er og síðar kann að verða, nái hingað sem fyrst. Verðið á afurðum vorum hefur fallið mikið undanfarið og engar líkur til þess að það fari aftur hækkandi. Ef vjer eigum að geta haldið framleiðslunni uppi í landinu verður framleiðslukostnaðurinn að lækka. Það verður með því eina móti að vjer njótum verðfallsins á aðfluttum vörum, bæði þeim sem þarf til framleiðslunnar og almennum lífsnauðsynjum.

Virðingarfylst.

Ol. Johnson

p. t. formaður.

C. Proppé

p. t. vara-formaður.

2. mars 1921.

I tilefni af fundarályktunum og áskorunum, sem verslunarráðið sendi hinu háa Alþingi, með bræfi dags. 21. f. m., leyfir verslunarráðið sjer hjer með að skora á Alþingi, að það láti eigi einkasölufrumvörp þau, er stjórnin hefur lagt fyrir þingið, ná fram að ganga, og skulu hjer á eftir færðar ástæður fyrir þessum tilmælum.

Það virðist næsta kynlegt, að jafnskjótt sem hjer hefur myndast innlend verslunarstjett, sem fær er um að annast verslun landsins, bæði inn á við og út á við, skuli gerðar tilraunir til þess að hnekkja þessari atvinnustjett með því að rýra starfsvið hennar. Í fámennu þjóðfjlagi er verkefni verslunarstjettarinnar fullerfitt, þótt ekki sje verið að marka henni þrengri bás, en eðlilegt er. Í öllum menningarlöndum er verslunarstjettin talin einn gagnlegasti og veigamesti þáttur þjóðfjelagsins. Aðalstarf verslunarstjettarinnar er að fullnægja viðskiftaþörfum þjóðfjelagsins, en auk þess hefur verslunarstjettin afarmikla þýðingu, þaræð hún, vegna hlutverks síns, verður að fylgjast náið með atvinnulífi annara þjóða, og af því leiðir að framfarir, eigi aðeins í verslun heldur og á öðrum sviðum, eiga tíðast rót sína að rekja til verslunarstjettarinnar. Það er því augljóst, að það er engin þjóðfjelagsbót að því að gera ráðstafanir, sem veikja þessa ungu atvinnustjett.

Þegar ríkið leggur út á þá braut að fást sjálft við atvinnurekstur, verður að sjálfsögðu fyrst og fremst að athuga, hverjar líkur sjeu til þess, að atvinnureksturinn takist betur eða að minsta kosti jafnvel í höndum ríkisins sem í höndum einstakra atvinnurekenda. Og kemur einnig til greina hvort eigi sje af öðrum ástæðum varhugavert, að ríkið hafi eitt með höndum verslun á einni eða fleiri vörutegundum. Í þessu eins og öðru er það reynslan, sem best sker úr. Hjer á landi og þó einkum í öðrum löndum er mikil reynsla fengin í þessu efni. Það er fjarri því að dómur reynslunnar gangi ríkisrekstrinum í vil. Og að því er verslun snertir, þá er hún einmitt sá atvinnurekstur, sem hefur reynst lang síst fallinn til ríkisreksturs. En það sem hjer er um að ræða er einkasala, og skal því aðeins vikið að þess háttar ríkisrekstri.

Einkasöluinni fylgir fyrst og fremst sú áhætta, sem felst í því, að alt er komið undir

ráðstöfunum *eins* manns. Geri hann óhagkvæm inkaup, bitnar það á þjóðinni allri. Í frjálsri samkeðni eru það þar á móti margir, sem kaupa sömu vörutegundina, og gera það á mismunandi tíma og mismunandi hátt. Sumir kaupa ef til vill á óheppilegum tíma eða vörukaup þeirra verða á annan hátt óhagkvæm, en þá eru aðrir, sem náð hafa hagkvæmari kaupum, og við það losnar þjóðfjlagið við þá hættu, að mikill vörufordi sje keyptur þegar verð er hæst eða að önnur mistök á vörukaupum nái til alls forðans.

Slík mistök geta ávalt komið fyrir, og það jafnvel þótt forstjóri ríkisverslunarinnar væri reyndur og fær kaupsýslumaður. En hættan, sem af þessu stafar, er enn meiri af því, að litlar líkur eru til þess, að í slíka stöðu veljist hæfur maður. Það hefur alstaðar viljað brenna við, að pólitískra áhrifa hefur gætt, er um var að ræða skipun framkvæmdarstjóra, og er þó augljóst, að pólitískir verðleikar koma að litlu liði í þesskonar stöðu. En jafnvel þótt vel takist og hæfur maður veljist í stöðuna, þá er aðstaða hans þannig, að hæfileikar hans njóta sín ekki. Lög og reglugerðir binda hann í báða skó. Vegna aðstöðu sinnar gjörir hann það eitt, sem hann er viss um að ekki muni baka honum ábyrgð. Leggi hann út í það að reyna nýjar leiðir eða hann á annan hátt breyti frá fastri venju, fær hann litlar þakkir þótt vel takist, en ef illa fer, bitna afleiðingarnar á honum. Er því eðlilegt að maður í slíkri stöðu taki þann kostinn að vera ekki með mikla umbótaviðleitni; þá á hann víst að fá að sitja óáreittur.

Þá er eftir að minnst á einn stórvægilegasta annmarkann við ríkiseinkasölu. Það er útilokun frjálsrar samkeðni. Þegar ríkiseinkasala eða einokun er komin á, getur samkeðni aldrei komið til greina. Öll fyrirtæki einstakra manna og fjelaga eiga líf sitt að meira eða minna leyti undir keppinautunum og viðskiftamönnum. Ef fyrirtæki er ekki rekið með dugnaði og bagsýni, á það á hættu að hverfa úr sögunni. Þessi hættu, sem sífellt er yfirvofandi, knýr atvinnarekendur til þess að gera sitt ítrasta. Og afleiðingin verður sú, að þau fyrirtæki hverfa, sem ekki eru sæmilega rekin, og á þann hátt verður framþróun atvinnuveganna, þ. e. hinir hæfustu lífa. Ríkiseinokun brýtur algjörlega í bág við þetta lögmál viðskiftalífsins. Það er þó eigi þar með sagt að ríkisfyrirtæki sjeu ævarandi, heldur hitt, að tilvera þeirra er ekkert komin undir því hvort fyrirtækin eru rekin vel eða illa. Þar vantar gjörsamlega þá hvatningu, sem leiðir af því, að eiga sífellt yfirvofandi að verða undir í baráttunni.

Loks skal vikið að frumvörpum þeim um einkasölu, sem liggja fyrir Alþingi. Þar sem Alþingi hefir borist mjög ítarlegt erindi viðvikjandi frumvarpinu um einkasölu á lyfjum er eigi ástæða fyrir verslunarráðið að taka það til sjerstakrar athugunar. Að því er snertir frumvarpið um einkasölu á kornvöru, þá virðist óþarft að fara mörgum orðum um það. Ástæðurnar sem færðar eru fyrir korneinkasölu eru eigi þær, að slík verslun fari betur í höndum ríkisins en í höndum kaupmanna, heldur hitt, að heppilegast sje á þann hátt að tryggja landbúnaðinum fódurforða. Það er ráðstöfun til þess að fyrirbyggja fellishættu. Verslunarráðið er nú þeirrar skoðunar, að málið sje svo lítt athugað og undirbúið, að af þeirri ástæðu einni komi eigi til mála að afgreiða frumvarpið. Um ráðstöfun, sem gerð er til þess að tryggja landbúnaðinn gegn fellishættu er eins og um hvern annan styrk, sem veittur er sjerstökum atvinnuvegi. Það verða fyrst og fremst að liggja fyrir upplýsingar um, hverju styrkurinn nemi. Hjer liggja eigi fyrir neinar upplýsingar í þessu efni, en sú leið farin til þess að koma í framkvæmd ráðstöfun, sem er í þágu einstaka atvinnuvegs, að láta alla landsmenn greiða kostnaðinn, og það á þann hátt, að hvergi kemur fram hverju kostnaðurinn nemur. Slíkt vandamál sem trygging á fódurforða fyrir landbúnaðinn verður að undirbúast rækilega, áður en það er lagt fyrir Alþingi. Komi það í ljós, sem þó virðist næsta ólíklegt, að heppilegast sje að nota kornmat sem fódurforða, þá eru aðrar leiðir hagkvæmari en sú, að koma á landseinkasölu í því skyni.

Eins og kunnugt er, á einkasala á tóbaki sjer stað í nokkrum löndum og er sumstaðar tóbaksíðnaðurinn einnig í höndum ríkisins. Að því er tóbaksverslunina snertir, þá

hefur hún yfirleitt tekist illa í höndum ríkisins. Reksturinn hefur orðið dýr og vörugæðunum hefur mjög hrakað. Það er því eigi ástæða til að fara frekar út í það atriði, en þar sem frumvarp það, sem sem fyrir liggur, er eingöngu framkomið í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna, skal sjerstaklega athuguð sú hlið málsins.

Í athugasemdunum við frumvarpið er gert ráð fyrir að tekjur af tóbakseinkasölunni verði miðað við meðal innflutning á árunum 1917—1919 kr. 206.000, en þessi áætlun er að mörgu leyti mjög athugaverð. Fyrst er þess að gæta að tölur þessara ára, þegar verðlagið var langhæst, eiga fyrir sjer að lækka mikið og lækkar þá auðvitað hagnaðurinn, sem er í föstu hlutfalli við innkaupsverðið. Sje tekið meðalverð sömu vörutegunda þrjú næstu árin fyrir stríðið, 1912—1914, er tóbaksverðið um 3 kr. pr. kg. og vindlaverðið 10 kr. pr. kg. Sje miðað við þetta verð lækkar hinn áætlaði hagnaður niður í kr. 136.800.

En mikið þarf að draga frá hinum áætlaða hagnaði svo sem allan reksturskostnað, vexti, skuldatap, birgðarýrnun, váttryggingar o. fl. Virðist rjett að gera sjer grein fyrir hve miklu þessi kostnaður muni nema.

Ef tekur eru meðaltölurnar í athugasemdum frumvarpsins mundu ársbirgðir kosta, í hús komnar, að viðlögðum tolli um kr. 1.400.000. Eigi þætti það hygginn kaupmaður, sem eigi hefði ávalt fyrirbyggjandi þriggja mánaða birgðir og er það sist ofhátt reiknað, þar sem birgðir eiga að vera á fjórum stöðum á landinu. Þyrfti þá að binda kr. 350.000 í vörubirgðum. Auk þess er óhjákvæmilegt að lána smásölum vöruna, þótt ekki sje nema mánaðartíma, enda sýnir núverandi landsverslun að slíkri verslun muni eigi takast frekar en heildsölum, að komast hjá því að veita gjaldfrest. Það ætti því að mega gera ráð fyrir viðbótarstofnfrje skuldanna vegna, sem svarar mánaðarsölu minst, eða um kr. 125.000. Rekstursfrje yrði þá að vera minst 475.000 kr., eða tæp hálf miljón kr. en vextir af þeirri upphæð, sem landið yrði að fá að láni til þessarar »Spekulationar« yrðu þá um 40.000 kr.

Forstöðu og skifstofuhald í Reykjavík og á þrem öðrum stöðum er ekki hægt að áætla með vissu, en ganga má út frá að það nemi minst 40—50 þús. kr. Váttrygging á vörubirgðum mundi nema nær 1000 kr. Þá er eftir skuldatap, vanhöld og skemdir á vörubirgðum. Ekki mundi neinum kaupmanna þykja sú upphæð stór, þótt áætluð væri 2% af sölu, en það verða 28.000 kr. af áætlaðri árssölu.

Það allra minsta, sem verður að draga frá hinum áætlaða hagnaði er þannig kr. 109.000 og er hagnaðurinn þá kominn niður í kr. 97.000 og ef miðað er við vöruverðið fyrir stríðið er hann að eins tæpar kr. 27.000, en af þessum tekjum á, samkvæmt 9. gr. frv. að leggja álitlega upphæð í veltufjár- og varasjóð og fer þá tekjuvonin að verða lítil fyrir ríkissjóð. Loks er vert að vekja athygli á því, að ríkissjóður missir þann skatt, sem greiddur er af þessari verslun meðan hún er í höndum kaupmanna.

Eins og bent hefur verið á hjer að framan er þetta umfangsmikil og hættuleg ráðstöfun til þess að afla ríkissjóði tekna. Önnur miklu heppilegri leið liggur beint fyrir, leið sem er miklu tryggilegri til þess að afla ríkissjóði jafnmikilla tekna. Í stað þess að hleyppa af stökkunum einkasölubákni, er miklu eðlilegra að hækka tóbakstollinn lítið eitt. Sje tollurinn hækkaður um 1 kr. á kílóíð af tóbaki og kr. 1.50 á kílóíð af vindlum, nemur þessi tollhækkun kr. 124.000, sje miðað við fyrnefnt meðaltal aðfluttra tóbaksvara. Það er sama sem 50 aura hækkun á rjólbita og 75 aura hækkun á vindlakassa. Þessar tekjur yrðu varanlegar hversu mikil breyting sem yrði á vöruverðinu, þar sem þær miðast við vörumagn. Og hjer yrði eigi um neinn aukinn kostnað að ræða, þar sem að eins þarf breytingu á tolllögunum.

Virðingarfylst

Ol. Johnson

p. t. formaður.

C. Proppé

p. t. vara-formaður.

Til

Alþingis.

um frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá samvinnunefnd í stjórnarskrármálinu.

Nefndir þær, er hvortveggi þingdeild setti til þess að athuga frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, hófu þegar samvinnu um starf sitt. Hafa þær haldið 20 fundi og tekið einstakar greinir frumvarpsins til rækilegrar athugunar. Nefndin kaus þrjá menn í undirnefnd til þess að orða breytingartillögur þær, er fylgi höfðu náð, og voru þær tillögur síðan bornar undir nefndina til úrslita og þá aukið við eða breytt, eftir því sem þurfa þótti.

Breytingartillögur nefndarinnar eru nokkuð margar að tölunni til, en flestar þeirra miða einungis að því, að færa til betra máls, eða eru svo augljósar og smávægilegar efnisbreytingar, að óþarft þykir að gera grein fyrir þeim í nefndarálini.

Út af 21. gr. frumvarpsins, sem er svo hljóðandi: »Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta« vill nefndin öll taka það fram, til skýringar, að ætlast verði til, að stjórnin fái umboð konungs á ríkisráðsfundi undan Alþingi, til þess að leggja fram á þinginu þau frumvörp, sem ráðuneytinu kann að þykja þörf á meðan þing stendur yfir, þótt eigi hafi verið kostur að bera þau áður fyrir konung í ríkisráði. Með þessu skil-orði sjer nefndin eigi þörf á að breyta greininni.

Þess skal getið, að skoðanir nefndarmanna voru svo sundurleitar um at-riði þau, er 26. grein skipar fyrir um (tölu þingmanna, tölu landkjörinna þingmanna, deildaskipan og fleira), að engin niðurstaða fekst um þau. Varð það loks að samkomulagi eftir langar umræður og mikið stímabrák, að nefndin sem slík bæri ekki fram aðrar breytingartillögur við greinina en þá að setja þar heimild um, að kjósa mætti þingmenn í Reykjavík með hlutfallskosning. Var þá jafnframt gert ráð fyrir, að um leið og sú breyting yrði í lög tekin, væri öðrum núverandi tvímenningskjördæmum breytt í einmenningskjördæmi.

Í samræmi við þetta eru breytingartillögurnar við 26. gr. og orðabreytingar í samræmi við þær, við 27., 28., 29. og 30. gr. (sbr. 15.—24. brtt.).

Að öðru leyti hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu sína til einstakra atriða greinar þessarar, er til atkvæða kunna að koma í deildum þingsins.

Ágreiningur varð í nefndinni um breytingartillögu við 29. grein. Meiri hluti nefndarinnar er eindregið þeirrar ákveðnu skoðunar, að sjálfsgt og ófrá-víkjanlegt sje að halda að minsta kosti 5 ára búsetuskilyrði í stjórnarskránni fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og hefir því sett og samþykkt tillögu þá við 29. grein, sem tekur þetta fram.

Í frumvarpi stjórnarinnar er, auk ríkisborgararjettarins, einungis tilskilin eins árs búseta í kjördæmi sem skilyrði fyrir kosningarrjetti í kjördæminu. Kjör-gengur er hver sá, sem kosningarrjett á einhversstaðar í landinu og hefir heimil-isfestu innanlands.

Með ákvæðinu í 10. gr. stjórnarskipunarлага 19. júní 1915 eru þau skilyrði um þetta efni sett fyrir *kosningarrjetti* manns, *annaðhvort*: að hann sje fæddur hjer á landi, *eða hafi átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár* er kosningin fer fram (og hafi verið búsettur eitt ár í kjördæminu). Samkvæmt 11. gr. sömu laga er hver sá *kjörgengur*, sem kosningarrjett á í landinu.

Mismunur á því tvennu móti, hversu menn öðlast kosningarrjett og kjörgengi samkvæmt þessum núgildandi lagagreinum, er því sá, að þeir, sem fæddir eru hjer á landi, hafa kosningarrjett eftir eins árs dvöl í kjördæminu, hversu lengi sem þeir kunna áður að hafa dvalist erlendis, og eru kjörgengir, ef þeir hafa hjer á landi heimilisfestu þegar kosning fer fram, en aðrir menn, sem ekki eru fæddir í landinu, fá rjettinn, er þeir hafa haft hjer lögheimili 5 síðustu árin.

Vegna þessara tvennskunar skilyrða þótti fulltrúum Danmerkur í Sambandslaganefndinni ástæða til að taka það fram í athugasemdum við 6. gr. sambandslagarúmvarpsins, að í samræmi við »gagnkvæmi« ríkisborgararjettindanna verði að afnema allar takmarkanir, sem nú sje þar á, »svo sem mismun þann á kosningarrjetti, sem fram kemur í 10. gr. stjórnarskipunarлага Íslands frá 19. júní 1915«.

Pennan mismun, sem nefndarmennirnir minnst á, má afnema með tvennu móti, *annaðhvort* með því að afnema 5 ára búsetuskilyrðið, *eða* með því að láta það ná til allra jafnt, hvort sem eru Íslendingar eða Danir.

Meiri hluta nefndarinnar þykir einsætt að taka asiðari kostinn, og liggja til þess margar ástæður.

Fyrst má minna á það, að þá er sambandslögin voru til umræðu á Alþingi í fyrri og andstæðingar þeirra fundu þeim meðal annars til foráttu, að samkvæmt 6. gr. og athugasemdinni við hana, sem fyrr greinir, mundi þurfa að nema 5 ára búsetuskilyrðið úr stjórnarskránni, — þá var því eindregið svarað af forsvarsmönnum sambandslaganna, að slíkt væri misskilningur og að alveg eins mætti láta þetta 5 ára búsetuákvæði standa óbreytt, en láta það ganga yfir alla jafnt, hvort sem fæddir væri hjer á landi eða eigi. Kom þetta skýlaust fram í báðum deildum í umræðum, og auk þess gat framsögumaður málsins í Nd. (þm. Dalamanna) þess eitt sinn, að gefnu tilefni, að ef enginn annar bæri fram *slika* breytingu, til þess að bæta úr þeim »mismun«, sem um væri að ræða, þá mundi hann sjálfur gera það þegar breyting yrði gerð á stjórnarskránni.

Sama skilningi var haldið fram í blöðum og á mannfundum, þar sem sambandslögin voru rædd áður en þjóðaratkvæði um þau fór fram, og bryddi ekki á öðru en þetta væri samhuga álit allra þeirra, er lögin studdu, hvort sem var í ræðu eða riti. Með þessu fororði og þessum skilningi hefir því íslenska þjóðin samþykkt lögin með atkvæði sínu, og frá því verður ekki gengið. Er enginn vafi á því, að þessar skýringar hafa drjúgum aukið fylgi sambandslaganna, enda hafa og kjósendur í landinu treyst því, að hjer yrði ekki látið sitja við orðin ein, heldur mundu fullar efndir á verða í framkvæmd.

Samkvæmt tillögu meiri hlutans eru skilyrði fyrir kjörgengi og kosningarrjetti danskra manna hjer á landi óbreytt frá því, sem þau eru nú. Rjettur þeirra er því á engan hátt *lakari* en áður. Rjettur þeirra móts við Íslendinga er *meiri* en áður, þar sem 5 ára búsetuskilyrðið á nú einnig að ná til vorra landa. Og rjettur þeirra móts við aðra útlendinga er og svo stórum mun *meiri* en áður, að þar sem danskir ríkisborgarar hafa nú rjett sinn óskertan sem fyrr, þá

eru allir aðrir útlendingar, þar á meðal frændur vorir Norðmenn og Svíar, hjer eftir með öllu sviftir kosningarrjetti og kjörgengi, þótt búsettir hafi verið hjer síðustu fimm árin, og öðlast hann ekki, hversu lengi sem þeir dveljast hjer, nema þeir fái fyrst ríkisborgararjett með sjerstakri lagasetning, en að núgildandi stjórnarskrá hafa allir útlendingar, Danir sem aðrir, allan sama rjett um þetta.

Það er því síður en svo, að Danir þurfi undan nokkru að kvarta í þessu efni. Eða hvað mundu þá aðrar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum geta sagt nú, sem haft hafa jafnrjetti um þetta við Dani, samkvæmt þeim stjórnarskipunarlögum, sem enn gilda hjer í landi?

Á það er að líta, að öll nágrannaríki vor á meginlandi Norðurálfu setja ríkisborgararjett sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi. Um þetta er aðeins undantekning milli Danmerkur og Íslands, samkvæmt 6. gr. sambandslaganna, eins og áður er á minst. Nú er það augljósara en á þurfi að minnst, að Dönun getur alls engin hætta stafað af Íslendingum í þessu efni sakir ríkismunar og fjölmennis, en sama verður eigi sagt um Íslendinga, og verður síðar vikið að því. Hví skyldi Íslendingar þá ekki neyta þeirra varna, sem þeir hafa þar sem aðra brestur, en þá er ekki annað fyrir sig að bera en búsetuskilyrði, og virðist meiri blutanum þau eigi mega skemra fara en breytingartillagan greinir, og samkvæmt er því, sem verið hefir nú um hrið.

Það mun og síður en svo, að Dönun komi það mjög á óvart, þótt vjer auðveldum þeim eigi kosningarrjett og kjörgengi fram úr því, sem nú er, og ofan á önnur þau rjettindi, sem þeim eru trygð með sambandslögunum. Skal því til stuðnings bent á ritgerð eftir dr. Knud Berlin, sem nýlega birtist í tímaritinu »Det nye Nord«, um »gagnkvæmt jafnrjetti ríkisborgara allra Norðurlanda«. — Höfundur ræðir um þetta efni sakir þeirrar hreyfingar um samband og sameinun í ýmsum greinum, er elst hefir á Norðurlöndum meðan styrjöldin stóð. Heldur höfundur því fram, að fullkomið jafnrjetti milli ríkisborgara tveggja eða fleiri ríkja, eins og nú milli Danmerkur og Íslands, geti ekki talist annað en fjarstæða einber, nema alveg sjerstaklega standi á og þjóðirnar sje bæði nokkurn veginn jafnókar hver annarar og (einkum) tengdar vináttu- og frændsemiböndum. En hitt mundi nær óhugsandi, segir hann, að Danmörk t. d. þætti ráðlegt að gera slíkan jafnrjettissamning við öflugt grannríki, svo sem Þýskaland, þar sem Þjóðverjar gæti þá flykt unnvörpum til Danmerkur og öðlast þegar kosningarrjett og kjörgengi til ríkisþings, jafnframt því, sem þeir væri eftir sem áður góðir og gegnir þýskir ríkisborgarar.

Höfundur fer allmörgum orðum um fullkomið innbyrðis jafnrjetti milli allra Norðurlanda-þjóðanna, og telur slíka samninga allskostar óráðlega og illfrankvæmanlega meðan ekki sje traust sameiginleg þjóðarkend orðin ríkjandi á Norðurlöndum. Því næst ritar hann á þessa leið:

»Vjer skulum einungis benda á, að smáriki sem Ísland, með 90000 íbúa, gæti hæglega átt á hættu, að ríkisborgarar þess yrði ofurliði bornir, ef allir ríkisborgarar Norðurlanda fengi kosningarrjett til Alþingis þegar er þeir tæki sjer bólfestu á Íslandi, þegar innslutningur yrði til muna, svo sem ef gull fyndist á Íslandi, — ef ekki væri þá sett undir lekann með því að setja þau frekari skilyrði fyrir kosningarrjetti, að til hans þyrfti svo langa búsetu á Íslandi, t. d. 10 eða 25 ár, að jafnrjettið væri í raun og veru að eins í orði kveðnu«.

Af þessum ummælum höfundarins er auðsætt, að hann telur það eigi ein-

ungis löglegt að setja langa búsetu sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, þótt fullkom-
ið ríkisborgara-jafnrjetti væri lögtekið, heldur skoðar það ráðlegt og jafnvel bein-
linis lífs-nauðsynlegt úrræði, þegar svo á stendur. Að visu miðar hann hjer við
það, að allar Norðurlandþjóðirnar hefði ríkisborgara-jafnrjetti, en þar sem nú er
um Dani eina að gera, þá er hættan að því leyti minni, enda er og búsetutíminn,
sem meiri hlutinn áskilur í tillögu sinni, ekki nema hálfur sá tími, eða jafnvel
einungis fimtunger þess tíma, sem dr. Berlín telur, að verið gæti nauðsynlegur.

Sumir vilja eyða því, að nokkrar líkur sje til, að svo margt manna
flytjist hingað frá Danmörku, að ástæða sje að halda búsetuskilyrði því, sem
stendur í núgildandi stjórnarskrá. Um þetta má að visu deila, eins og flesta ó-
komna hluti, sem reynslan ein fær skorið úr til hlítar. En ekki verður því neit-
að, að líkur fyrir innflutningi frá Danmörku eru nú þeim mun meiri en áður,
að ekki er saman berandi. Fyrstu fossafjölögin, sem sótt hafa um leyfi hjer á
landi til stóriðju, eru í Danmörku. Til þeirrar iðju þyrfti fjölda fólks, jafnvel svo
tugum þúsunda skifti. Hvaðan mundi það fólk koma fremur en frá Danmörku?
Ekki má Ísland við því að missa svo margra manna frá annari atvinnu. Þá má
og nefna fiskveiðar, sem líkur eru til, að Danir stundi framvegis langtum meir
en hingað til, samfara vaxanda auði og þjóðernis-vakning, sem hlýtur að stafa
af stækkun ríkisins, — fyrir utan ótal aðrar atvinnugreinir, svo sem verslun,
iðnað o. m. fl., sem þeim stendur opið fyrir að stunda hjer. Þarf og ekki að
leita langt í dönskum blöðum til þess að finna hvatningsgreinir og ráðagerðir í
þessa átt. Þykir óþarft að fara frekara út í þetta mál hjer, þar sem breytingar-
tillagan er svo vægileg, eins og áður er tekið fram, að hún íþyngir að engu
rjetti Dana frá því, sem nú er, heldur gerir einmitt hlut þeirra betri en áður,
móts við aðra.

Þess gerist því síður þörf að fjölyrða um þetta atriði málsins, sem það
er viðurkennt, að minsta kosti af sumum úr minni hlutanum, að rjett muni að
hafa nokkru lengri búsetu-skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, heldur en
tilskilið er í stj.skr.frv. stjórnarinnar. En úr þessari þörf vill minni hlutinn bæta
á þann hátt að heimila í stjórnarskránni, að lengja megi búsetuskilyrðin fyrir
kosningarrjetti með einföldum lögum. Telur hann þá því hinu sama takmarki
náð, sem meiri hlutinn stefni að, og jafnvel gangi þessi aðferð því framar, að þá
sje auðgert að lengja búsetuskilyrðin meira en 5 ár, ef þörf þyki til.

Meiri hlutinn er eindregið andvígur slíkrí úrlausn málsins. Telur hann
almenn skilyrði kosningarrjettarins einn höfuð-hyrningarstein þingbundins stjórn-
skipulags, sem hvergi eigi heima annarsstaðar en í grundvallarlögum ríkisins,
enda vitum vjer eigi dæmi annars í stjórnarskrám annara þjóða.

Þar sem um jafnmikilvægt grundvallaratriði er að ræða, þykir meiri
hlutanum alls eigi hlýða, að það sje á valdi einstaks þings að breyta skilyrðum
kosningarrjettarins, rýmka þau eða þrengja, án þess að til kasta kjósenda komi.
Telur meiri hlutinn ekki annað koma til mála en svo fast sje um þennan rjett
búið, að stjórnarskrárbreyting, og þar með þingrof og úrskurð kjósenda, þurfi til,
ef breyta skal. — Meiri hlutinn sjer og alls enga ástæðu til slíks fyrirkomulags,
sem minni hlutinn vill hallast að, — sjer ekki, að það sje að neinu leyti betra.

Ef það á að vera til þægðar Dönum, þá næst sá tilgangur því að eins,
að ekki verði í lög tekin jafnlöng búsetuskilyrði sem meiri hlutinn hefir orðið
ásáttur um. Að öðrum kosti kemur hvorttveggja í einn stað niður fyrir þá, nema

búsetuskilyrðin yrði ákveðin lengri en 5 ár, og þá yrði það þeim verra, en ef
nauðsyn þætti til síðar að lengja búsetuna úr 5 árum, má það eins verða með
stjórnarskrárbreytingu. — Ef sú væri tilætlunin að taka eigi 5 ára búsetuskilyrði
upp í sjerstök lög þegar í stað, samfara stjórnarskrárbreytingunni, þá gæti orðið
örðugra að taka það upp í lög síðar, þegar straumurinn væri kominn inn í
landið. Betra að byrgja brunninn áður en barnið fellur í hann.

Ef búsetuákvæðið yrði þegar frá upphafi hið sama í sjerstökum lögum
sem það, er meiri hlutinn vill standa láta í stjórnarskránni, þá mætti jafnvel
segja, að verið væri að fara að Dönum með óeinlægni, sem Alþingi væri vart
samboðin.

Meiri hlutinn telur það því að öllu leyti óheppilegra og ótryggara að
hafa búsetuákvæðið utan stjórnarskrárinnar, og kost sjer hann engan við það.

Loks vill meiri hlutinn láta þess getið, að sambandslögin hafi eigi verið
samþykkt í því skyni, að Íslendingar skyldi láta nokkuð undan þokast um rjett
sinn frá því, sem þar er ákveðið, heldur sje einsætt að neyta rjettinda sinna
samkvæmt þeim hjer í landi, svo sem fremst má, og heldur styrkja en veikja,
hve nær sem tækifæri gefst. Þau spor viljum vjer marka þegar á þessu fyrsta
þingi, er háð er, eftir að breyting er orðin á sambandinu.

Minni hluti nefndarinnar (Jóh. Jóh., M. K., P. J., S. F. og St. St.)
er meiri hlutanum fyllilega samdóma um það, að vjer höfum lagalegan rjett til
þess að setja svo langt búsetuskilyrði, sem oss sýnist, í stjórnarskrána fyrir
kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis, og eins um hitt, að tryggja beri Íslend-
ingum rjett og vald yfir málum sínum. Hins vegar telur hann hvorki nauðsynlegt,
hagkvæmt nje full-örugt að einskorða búsetutímann í stjórnarskránni eins og
meiri hlutinn vill gera.

Sem stendur er ekki svo margt Dana hjer í landi, að nein hætta geti
af þeim stafað, þótt búsetuskilyrðið sje stutt, og á undanfórnum tíma hafa Danir
síður en svo sýnt sig í því að fjölmenna hingað til þess að setjast hjer að, og
telur minni hlutinn ekki miklar líkur til, að það muni breytast í náinni framtíð,
einkum þar sem Dönum opnast nú svigrúm suður á bóginn. En ef búsetuskil-
yrði, t. a. m. 2 ára, er sett í stjórnarskrána og heimild til að lengja búsetutím-
ann í kosningarlögum, getur Alþingi, hve nær sem því kynni að virðast ástæða til
þess, af því að Danir færu að flykkjast til landsins, umsvifalaust breytt kos-
ningarlögum og lengt búsetutímann sem þurfa þætti. Til þess hefði það nægi-
legan tíma, þar sem það eftirleidis verður væntanlega haldið á hverju ári, og að
vantreysta því, að Alþingi muni gæta þessa og lengja búsetutímann, ef þörf kref-
ur, er að gera því og þjóðinni allri getsakir, sem hún, að áliti minni hlutans,
á ekki skilið.

Hvort sem litið er til Íslendinga sjálfra eða Dana, telur minni hlutinn
ekki hagkvæmt að lögfesta nú þegar 5 ára búsetu sem skilyrði fyrir kosningar-
rjetti og kjörgengi, þar sem hann telur það ekki nauðsynlegt til þess að tryggja
oss yfirráðin yfir málum vorum.

Því má ekki gleyma, þótt meiri hlutinn fari þar fljótt yfir sögu, að Ís-
lendingar sjálfir, sem einhverra hluta vegna eru erlendis og halda eigi búsfestu
hjer heima, verða að biða jafnlöngan tíma eftir heimkomu sína, áður en þeir fá

kosningarrjett og kjörgengi aftur, eins og Danir þeir, er setjast hjer að. Þetta þótti í fyrri galli á sambandslagafv., sem mikið var gert úr af andstæðingum þess. Þótt þetta ákvæði sambandslaganna sje alls ekki hættulegt, þar sem girða má og sjálfsagt er að girða fyrir hættur þær, er af því kynnu að stafa, hve nær sem er, þá verður hins vegar að taka fult tillit til þess og hafa búsetutímann eigi lengri til hveðrar tíðar en nauðsyn krefur í þessu efni.

Að fara að reyna að draga úr jafnrjettisákvæðinu, t. a. m. með því að skapa (fingere) með lagaákvæði búsetu hjer á landi, sem í raun og veru væri það ekki, myndi ekki reynast vel, því að annaðhvort yrði ákvæðið þýðingarlaust eða það myndi höggva svo nærri sambandslögunum, að oss væri tæpast samsandi að setja það.

Að því er Dani snertir, þá munu þeir, — og það ekki að ástæðulausu, þar sem stjórnarskráfrumvarpið, eins og það er lagt fyrir Alþingi, var borið undir þá í ráðgjafarnefndinni, — vænta þess, að Dönum, búsettum hjer, verði eigi sett strangari skilyrði í þessum efnum en nauðsyn krefur til þess, að vjer gætum rjettinda vorra og hagsmuna. Má búast við því, að þeir sjái ekki neina hættu á ferðum í þessum efnum, þótt ekki sje nú þegar sett 5 ára búseta sem skilyrði fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, og því verða fyrir vonbrigðum. Hins vegar munu þeir skilja og fallast á, að vjer setjum þau ákvæði í stjórnarskrá vora, er geri oss við öllu þúna, og eins því, að svo margir Danir geti flutt inn í landið og setst hjer að, að oss reki nauður til að lengja búsetuskilyrðið til þess að koma í veg fyrir of mikil áhrif þeirra á mál vor og meðferð þeirra.

Loks þykir minni hlutanum 5 ára búseta sem skilyrði í stjórnarskránni fyrir kosningarrjetti og kjörgengi til Alþingis eigi fullörugg trygging gegn dönskum áhrifum á úrslit mála vorra. Kæmi það fyrir, að Danir flyttu hjer inn í stórhópum og settust hjer að, gæti svo farið, að 5 ára búsetuskilyrði reyndist of stutt, en þá væri stjórnarskrárákvæði eins og það, sem meiri hlutinn stingur upp á, því til fyrirstöðu, að búsetutíminn yrði lengdur með einföldum lögum.

Út af þeim ummælum minni hlutans, að andstæðingar sambandslagafrumvarpsins hafi talið það með göllum á sambandslögunum, að 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrjetti yrði framvegis einnig að koma niður á Íslendingum, vilja þeir láta þess getið, að þeir telja þetta enn sem fyrr einn af ókostum sambandslaganna. En þar sem ekki fekst umbót á sambandslagafrumvarpinu í þessu efni og þau eru nú að lögum orðin, þá telja andstæðingar sambandslaganna, sem í nefndinni eru og skipa flokk með meiri hlutanum, óhjákvæmilegt að aðhyllast 5 ára búsetuskilyrðið til þess að komast hjá öðru verra, þótt þeim hefði auðvitað verið hugþekkt, að sambandslögin hefði verið svo úr garði gerð, að rjettur Íslendinga hefði verið svo trygður, að ekki þyrfti að láta búsetuskilyrðin koma niður á íslenskum mönnum. — En úr því er að ráða, sem komið er.

Meiri hlutinn telur óþarft að þrætta frekara við minni hlutann um búsetuskilyrðið fyrir kosningarrjetti. Að eins vill hann taka fram, að engri átt nær að gefa í skyn, að verið sje að »skapa« búsetu hjer í landi með viðbótarákvæðum þeim, sem meiri hlutinn leggur til að tekin sje upp í 29. gr. um það, að ekki slíti það heimilisfestu manns, þótt hann dveljist erlendis af því að hann er

sendimaður ríkisins, við nám eða til lækninga. Ákvæðin um námsmenn og sjúklunga eru í samræmi við ákvæði 9. gr. (sbr. 11. gr.) laganna um ríkisborgararjett, og um sendimenn ríkja gildir í öðrum löndum sama regla. Hjer er því eigi um nein þau nýmæli að ræða, er unt sje að gera tortryggileg með rökum, en því þótti meiri hlutanum rjettara að taka þessi ákvæði upp í stjórnarskrána, að engra tvímæla gæti orkað um rjett þeirra manna, er þar koma til greina.

Fjarri telur meiri hlutinn það öllum sanni, er minni hlutinn telur Dani hafa ástæðu til að vænta þess, að lagafrumvörp þau, sem ráðgefandi nefnd samkvæmt 16. gr. sambandslaganna eru send til yfirlits, gangi óbreytt gegnum þingið. Enda yrði Alþingi þá óþarft, ef öllum löggjafarmálum væri ráðið til lykta í þessari ráðgjafarnefnd, sem háttvirtur minni hluti sýnist benda til. Sjest hjer ljóslega, að hv. minni hluti seilist um hurð til lokunnar, er hann leitast við að finna orðum sínum stað.

Að endingu vill nefndin geta þess, að hún hefir ekki tekið ákvörðun um breytingartillögur, sem einstakir þingmenn hafa borið fram, nema tillögu þm. Dalamanna við 29. gr., en mun síðar láta í ljós skoðanir sínar á þessum og öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Jóh. Jóhannesson,
form. Ed.-nefndar og samv.nefndar.

Einar Arnórsson,
form. Nd.-nefndar.

Karl Einarsson,
fundaskr. og ritari Ed.-nefndar.

Benedikt Sveinsson,
ritari Nd.-nefndar og fundaskr. samvn.

Magnús Torfason.

Sigurjón Friðjónsson.

Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson.

M. J. Kristjánsson.

Pjetur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vog.

Sigurður Stefánsson.